

## Skilablað – Alþingi – húsnæðismál

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomu-lag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leigu-húsnæði (leiguverkefni).

### 1 Upphaf verkefnis

Að beiðni Karls M. Kristjánssonar, aðstoðar-skrifstofustjóra Alþingis, var FSR falið í janúar 2015 að kanna hvort koma mætti hluta af starfsemi Alþingis fyrir í þremur húsum sem staðsett eru á svokölluðum Landsímareit. Verkbeiðnin kom frá Alþingi, en formlegur verkkaupi var fjármála- og efnahagsráðuneytið, eins og í öðrum verkefnum þar sem skoðuð eru húsnæðismál fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins.

Verkefnastjóri FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

### 2 Verklýsing

Skrifstofur alþingismanna og nefndasvið Alþingis hefur til margra ára verið í leiguhúsnæði við Austurvöll. Þegar húsnæði á Landsímareit var laust kom ósk um að FSR kannaði hvort koma mætti skrifstofum þingmanna og nefndasviði Alþingis fyrir í þeim húsunum á Landsímareit. Byggt var á þarfagreiningu, rýmisáætlun og frumathugun sem unnin var fyrir þessa starfsemi Alþingis árið 2008.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verkbeiðnin er frá janúar 2015 og fékk verkefnið númerið 633 0093.

### 4 Framvinda

Fyrir lágu teikningar af húsunum þremur á Land-símareit, það er Thorvaldsensstræti 4, Thorvald-sensstræti 6 og Aðalstræti 11. Húsnæðið allt sem til ráðstöfunar var er um 4.500 m<sup>2</sup>, en samkvæmt rýmisáætlun í fyrrnefndri þarfagreiningu er húsnæðisþörf Alþingis fyrir þessa starfsemi um 4.200 til 4.500 m<sup>2</sup>. Starfsemin var mátuð í húsin og

var niðurstaðan sú að vel mætti koma starfseminni fyrir í húsunum þremur.

### 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður FSR við þetta verknúmer er 1.315.426 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða var að koma mætti starfseminni fyrir í húsunum þremur.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Verkkaupi ákvað í árslok 2015 að þessi kostur yrði ekki skoðaður nánar, enda var ljóst að leiguverð á þessum slóðum í miðborginni hafði hækkað mikið. Verkkaupi ákvað þess í stað að stefnt skyldi að nýbyggingu fyrir Alþingi á Alþingisreit og fyrir það verkefni var stofnað nýtt verknúmer, 600 1021.

### 8 Verklök

Með fyrrnefndri ákvörðun verkkaupa lauk verkefni 633 0093 í árslok 2015 og vinna hófst við undir-búning samkeppni um nýbyggingu fyrir Alþingi, verknúmer 600 1021.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilisdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri